


### Stæði fyrir rafbíla

Lagt er til við skipulags- og samgönguráð að samþykkt verði að eftirfarandi bifreiðastæði við rafhleðslustöðvar verði merkt sem bifreiðastæði sem eingöngu eru ætluð bifreiðum sem þurfa rafhleðslu.

- Bílahúsið Stjörnuport, 6 stæði
- Bílahúsið Vítatorg, 12 stæði
- Bílahúsið Vesturgata, 4 stæði
- Bílahúsið Traðarkot, 6 stæði
- Bílahúsið Bergstaðir, 4 stæði
- Bílahúsið Ráðhúsið, 12 stæði
- Grettisgata v. hús nr. 89, 4 stæði
- Kirkjutorg, 4 stæði
- Amtmannsstígur v. Lækjargötu, 4 stæði
- Félagstún v. Höfða, 4 stæði
- Naustin v. Hafnarhúsið, 4 stæði



Mynd 1 – Lagt er til að bifreiðastæði við rauðmerktu punktana verði merkt sem bifreiðastæði sem eingöngu eru ætluð bifreiðum sem þurfa rafhleðslu. Stærri mynd má sjá á næstu síðu

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.

### Greinargerð

Á síðustu árum hefur verið lagður mikill metnaður í uppsetningu rafhleðslustöðva í Reykjavík. Þó nokkuð hefur borið á því að ökutækjum með brunahreyfli eða rafbílum sem ekki þurfa rafhleðslu sé lagt í umrædd stæði og hefta því aðgang ökutækja sem þurfa rafhleðslu. Ekki er hægt að bregðast við þessum ökutækjum og því lagt til að þau verði merkt með tilheyrandi umferðarmerkjum.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og samþykkt af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu

f.h. skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar:



Bjarni Rúnar Ingvarsson  
Ráðgjafaverkfræðingur



Mynd 2 - Staðsetningar stæða sem lagt er til að verði merkt sem bifreiðastæði sem eingöngu eru ætluð bifreiðum sem þurfa rafhleðslu.